



## Þjónandi forysta - Aðgerðahópur

Fundur 20. október 2008 haldinn í HÍ. Mætt: Auður, Ólafur, Skúli og Sigrún. Kristinn kemst ekki

### Efni:

#### 1. Stofnun leshópa skv. tillögu fundarfólks á fundinum hjá SA 7. október s.l.

Rætt um fyrirkomulag leshópa. Mikilvægt að umræðan í leshópunum tengist veruleika og aðgerðum t.d. með því að ræða dæmisögur, tilvik og lýsingar sem tengjast hugmyndum þjónandi forystu í veruleika þátttakenda. Eftirfarandi samþykkt:

- Leita til sjö einstaklinga til að leiða hópa.
- Síðan verður öllum þeim sem sátu ráðstefnuna í Skálholti send skilaboð þar sem bent er á hópana og vísað til þess að áhugasamir skrái sig hjá tilteknum hópstjóra (með netpósti).
- Hóparnir hittast skv. samkomulagi, t.d. í tengslum við vinnutíma, í um eina klukkustund í lok vinnudags einu sinni í mánuði.
- Á fundum hópanna er farið yfir tiltekinn texta og efni hans t.d. í tengt við veruleikann í starfi, heimili eða leik. Nota má aðferðir ígrundunar í starfi (t.d. *reflective practice*).
- Textar sem lesnir verða geta t.d. verið heftið sem gefið var út fyrir ráðstefnuna í vor og ýmsar bækur og efni, t.d. sem vísað er í á heimasíðunni [www.thjonandiforysta.is](http://www.thjonandiforysta.is).
- Verkefni hópstjóranna er að kalla fólk saman á tilteknum stað og stund en praktísk mál geta verið í höndum hópsins samkvæmt samkomulagi, t.d. varðandi fundarstað, val texta til skoðunar, framsögu eða hvað eina sem hópurinn kys að taka sér fyrir hendur.
- Aðgerðahópurinn er hópstjórunum til stuðnings og ráðgjafar, þannig að hvert og eitt okkar hefur tengsl við tiltekna hópa og hópastjóra.
- Til að efla samræður og árangur enn frekar er ráðgert að bjóða hópunum að hittast til að kynna hugmyndir sínar og dæmisögur, t.d. frá vinnustöðum.
- Fyrsti fundur allra hópanna verður í mars 2009 (Keflavík) og annar slíkur í júní 2009. Nánara skipulag fundanna verður sett fram með hópunum sjálfum og fulltrúum þeirra.

# Þjónandi forysta - Servant leadership



## 2. Heimasíðan

Rætt um efni og form heimasíðunnar [www.servantleadership.is](http://www.servantleadership.is). Fundarfólk sammála um að halda núverandi formi enn um sinn. Sigrún sér um að færa efni og fréttir inn eins og tilefni gefst til.

Fleira ekki rætt.

Hópurinn verður í sambandi í gegnum netpóst þar til næsti fundur verður boðaður.  
/ SG.